

144. löggjafarþing 2014-2015.

Þingskjal 413 – 336. mál

Umsögn vegna:

**Tillögu til þingsályktunar
um eflingu náms í mjólkurfræði**

Mjólkurfræðingafélag Íslands fagnar því að alþingi Íslendinga skuli taka fyrir málefni nema í mjólkurfræði á Íslandi. Við höfum í mörg ár haft áhyggur af nýliðun í greinini og höfum marg oft lýst áhyggum okkar vegna þess, bæði við íslenskan mjólkuriðnað og ráðuneyti menntamála.

Nú er svo komið að meðalaldur íslenskra mjólkurfræðinga er rétt um fimmtíu ár, auk þess að okkar mati vantar fleiri menn í fagstörf í afurðarstöðvum.

Mjólkurfræðingar vinna víða svo sem í rannsóknar og efnafræðistörfum, ölgerðum, sælgætisgerðum, lyfjageiranum, vöruþróunnar auk ýmissa starfa í matvælaiðnaði.

Íslenskir mjólkurfræðingar hafa sótt nám sitt til Danmerkur í fleiri áratugi, við einn virtasta mjólkurfræðiskóla í heimi, nú nefndan Kold College, þar hafa danir byggt upp metnaðarfullan skóla þar sem meðal annars er hið finasta æfingarmjólkurbú.

Þar af leiðandi getur Mjólkurfræðinga félag Íslands ekki tekið undir að menntun sú sem sótt er til dana sé ekki til þess fallin að tryggja þá bestu menntun sem okkur stendur til boða í dag. Hins vegar höfum við ekkert við það að athuga, að námsferlið verði skoðað með það að markmiði að gera námið eftirsóknaraverða, skilvirkara og hagkvæmara fyrir fólk sem vill mennta sig í mjólkuriðni.

Rétt er að áréttta að íslenskir nemar eru ekki á launum þær fimmtíu vikur sem skólinn stendur.

MFFÍ getur ekki stutt það að íslenskur mjólkuriðnaður taki að sér að kosta menntun á nemum vegna erlends kostnaðar, þar sem það hefði í för með sér of mikla miðstýringu og gefi afurðarstöðvum einvald til þess aðákveða upp á sitt einsdæmi hverjir fá að nema mjólkurfræði.

MFFÍ hvetur íslensk menntamálayfirvöld til þess að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að íslenskir mjólkurfræðinemar geti áfram sótt sitt nám til eins virtasta mjólkurfræðiskóla í heimi hjá frændum vorum dönum.

Fyrir hönd Mjólkurfræðingafélags Íslands

Gísli Jósep Hreggviðson

Framkvæmdarstjóri MFFÍ